

Tillaga	A 1990/PRE
Flytjandi:	Forsætisnefnd
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

Forsætisnefndartillaga um norræna nefnd um varnar- og öryggismál

Forsætisnefnd leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að skipa norræna nefnd um varnar- og öryggismál sem þingmenn frá öllum norrænu löndunum eigi sæti í

Bakgrunnur

Við lifum á tímum þar sem mikil spenna ríkir í öryggismálum. Stríðsrekstur Rússlands í Úkraínu er grimmilegur og brýtur gegn öllum þjóðréttarlegum reglum og er ógn við friðinn á meginlandi Evrópu eins og það leggur sig. Stuðningur okkar við Úkraínu verður að vera stöðugur og langvarandi. Staðan í öryggismálum hefur versnað til muna og sambandið við Rússland tekið gagngerum breytingum.

Norðurlandaráð hefur lengi talað fyrir því að norrænu löndin styrki samstarf sitt á sviði utanríkis-, varnar- og öryggismála. Aukið norrænt samstarf í varnarmálum ógnar engum, en stuðlar að stöðugleika og öryggi á svæðinu. Aðild Finna og Svía að Atlantshafsbandalaginu fylgja mikil tækifæri.

Öryggismál á Norðurlöndum og í nærumhverfi þeirra er eitt helsta áhersluatriðið í alþjóðastefnu Norðurlandaráðs¹ sem samþykkt var í mars 2023. Jafnframt var þetta mikilvægur þáttur í alþjóðastefnu Norðurlandaráðs 2018–2022 og stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi (2019)². Allir flokkahópar í Norðurlandaráði tóku þátt í að setja saman ofangreindar stefnur og voru þær samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta. Norrænt samstarf um varnar- og öryggismál nýtur einnig víðtæks stuðnings á meðal norræns almennings³.

¹ <https://www.norden.org/is/node/79706>

² <https://www.norden.org/is/node/59600>

³ <https://www.norden.org/is/news/hver-eru-vidhorf-okkar-til-norraens-samstarfs-nu> og <https://www.norden.org/is/node/59964>



Norræn varnar- og öryggismál hafa oft verið á meðal helstu umfjöllunaraefna á þingum Norðurlandaráðs og Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, var aðalræðumaður á þingum ráðsins í Kaupmannahöfn 2021 og Ósló 2023. Á þemaþingi Norðurlandaráðs í Þórshöfn í Færeyjum í apríl 2024 var þemað „Öryggi, friður og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi“ og hélt Louise K. Dedichen aðstoðaraðmírall frá Noregi þar erindi.

Ár hvert stendur forsætisnefnd Norðurlandaráðs fyrir hringborðssamtali með formennsku NORDEFKO ásamt formönnum varnarmálanefnda norrænu landanna. Hringborðsfundurinn verður sífellt mikilvægari þáttur í norrænum varnar- og öryggismálum. Norðurlandaráð var á meðal þeirra sem stóðu að Enestam-skýrslunni, skýrslu Björns Bjarnasonar og skýrslunni New Nordic Peace, svo fátt eitt sé nefnt. Jafnframt kynnti Norðurlandaráð sér með miklum áhuga skýrsluna „10 years on: Reassessing the Stoltenberg Report on Nordic foreign affairs cooperation“⁴.

Í mars 2023 stóð Norðurlandaráð sameinað að því að senda norrænu ríkisstjórnunum tilmæli um að vinna „allsherjarvarnarskýrslu um samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál“⁵ en ríkisstjórnirnar urðu ekki við þeim tilmælum. Var það meðal annars rökstutt með því að „aukið samstarf hefði þegar verið undirbúið í kjölfar breytinga á bandalagsstefnu landanna og því gæti verið æskilegt að bíða átekta og meta hvað ný skýrsla hefði fram að færa til viðbótar við þá viðamiklu aukningu á norrænu samstarfi sem nú er væntanleg“. Á þeim tíma hafði Svíþjóð enn ekki hlotið formlega aðild að NATO.

Álit forsætisnefndar

Ýmsar nefndir, skýrslur og rannsóknir um varnar- og öryggismál eru til á Norðurlöndum⁶ en ekki er til nein varnar- og öryggismálanefnd sem starfar í norrænu umboði.

Öll norrænu löndin eru nú aðilar að NATO og hefur ný stefna fyrir NORDEFKO verið samþykkt⁷. Ekkert ætti því að vera norrænni varnar- og öryggismálanefnd til fyrirstöðu. Slík nefnd ætti að hafa víðtækt umboð og vera skipuð fjölbreyttum fulltrúum fagfólks og stjórnsmálafólks. Lykilþættir starfsins gætu falist í sameiginlegri greiningu öryggismála með tilliti til þróunarinnar á Norðurskautssvæðinu, í Norður-Atlantshafi og Eystrasaltinu, ásamt mótun allsherjarvarna og áherslu á meðal annars netöryggi og fjölþáttaógnir.

⁴ https://www.diiis.dk/files/media/publications/publikationer_2019/ten_years_on_reassessing_stoltenberg.pdf

⁵ <https://www.norden.org/is/case/thingmannatillaga-um-samstarf-nordurlanda-um-oryggis-og-varnarmal>

⁶ Sjá meðal annars <https://forsvarskommissjonen.no/2023/05/03/forsvarskommissjonen-leverte-sine-anbefalinger-til-regjeringen/> (Noregur), <https://www.regeringen.se/regeringens-politik/forsvarsberedningen/> (Svíþjóð), <https://www.fmn.dk/da/arbejdsomraader/forlig-og-okonomi/forsvarskommissioner/> (Danmörk) og <https://turvallisuuskomitea.fi/sv/> (Finnland)

⁷ <https://www.forsvaret.dk/da/nyheder/2024/ny-falles-vision-for-nordisk-forsvarssamarbejde/>



Almennt öryggi, sameiginleg heildarmynd og betri samræming við ákvarðanatöku landanna í varnarmálum ætti að vera stór þáttur í starfinu. Nefndin ætti að heyra undir norrænu varnarmálaráðherranna fyrir hönd norrænu ríkisstjórnanna. Til þess að tryggja norrænt sjónarhorn og þinglegan stuðning er jafnframt mikilvægt að norrænu þjóðþingin eigi fulltrúa í nefndinni.

Norðurlöndum, 25. júní 2024

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Lars Mejern Larsson (S)

Anna Starbrink (L)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)

Helge Orten (H)

Maria Stockhaus (M)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Juho Eerola (saf)